

Föstudaginn 3. október 1997.

Nr. 383/1997.

Jón Egilsson

(Magnús Guðlaugsson hrl.)

gegn

Gauta Halldórssyni

(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)

Kærumál. Kæruheimild. Fjárnám. Skuldajöfnuður. Framsal.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 6. september 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 22. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Vesturlands 25. ágúst 1997, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um, að heimilað yrði fjárnám fyrir kröfu hans á hendur varnaraðila, að fjárhæð 375.615 krónur. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að umbeðið fjárnám verði heimilað og varnaraðila gert að greiða málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, til vara, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur, en til þrautavara, að fjárnám verði aðeins heimilað fyrir nánar tilgreindum liðum í kröfum sóknaraðila að frádregnum tilteknum fjárhæðum, sem varnaraðili hafi fengið dæmdar í málskostnað í fyrri málum milli sín og sóknaraðila. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Krafa varnaraðila um frávísun málsins frá Hæstarétti er aðallega studd þeim rökum, að nánar tilteknir liðir í kröfunum, sem sóknaraðili krefst fjárnáms fyrir, fái ekki staðist. Að þessum liðum frádregnum nái heildarfjárhæðin, sem fjárnáms er leitað fyrir, ekki áfrýjunarfjárhæð samkvæmt 1. mgr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994, en því ákvæði verði beitt sem skilyrði fyrir heimild til kæru málsins, sbr. 4. mgr. 150. gr. fyrrnefndu laganna. Um þessa röksemd varnaraðila er þess að gæta, að varnir gegn einstökum liðum í kröfum sóknaraðila varða efnishlið

málsins. Þær varnir geta hins vegar ekki komið til skoðunar við úrlausn um, hvort fullnægt sé skilyrðum til málskots, sem ráðast að þessu leyti af kröfugerð sóknaraðila, án tillits til þess, hvort efni séu til að taka hana til greina við úrlausn málsins. Varnaraðili hefur ekki fært fram aðrar viðhlítandi röksemdir fyrir kröfu sinni um frávísun málsins frá Hæstarétti. Verður sú krafa því ekki tekin til greina.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Krafa varnaraðila um málskostnað í héraði kemur ekki til álita, enda kærði hann ekki úrskurð héraðsdóms fyrir sitt leyti. Sóknaraðili verður hins vegar dæmdur til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Jón Egilsson, greiði varnaraðila, Gauta Halldórssyni, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Vesturlands 25. ágúst 1997.

I.

Dómkröfur aðila.

Mál þetta, sem varðar aðfararbeiðni og rekið er samkvæmt 13. kafla laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 14. gr. laganna, var þingfest 16. júlí 1997 og tekið til úrskurðar 19. ágúst sama ár að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili, Jón Egilsson, kt. 200656-3349, Logafold 33, Reykjavík, gerir þá kröfu, að heimiluð verði aðför hjá varnaraðila, Gauta Halldórssyni, fyrir kröfu að fjárhæð 375.615 krónur. Þá krefst sóknaraðili þess, að varnaraðili verði úrskurðaður til greiðslu málskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti.

Varnaraðili, Gauti Halldórsson, kt. 230667-5439, Háteigi 4, Akranesi, gerir þá kröfu aðallega, að synjað verði um aðför, og til vara, að aðför verði aðeins heimiluð fyrir höfuðstól, að fjárhæð 349.820 krónur, auk dráttarvaxta frá 7. maí 1993 til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun 7. maí 1993, að fjárhæð 293.820 krónur, og að frádregnum dæmdum málskostnaði samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Vesturlands frá 24. júlí 1996 í málinu nr. Y-1/1996, að fjárhæð 49.800 kr., þar með talinn virðisaukaskattur, og dæmdum málskostnaði samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 27. ágúst 1996 í málinu nr. 319/1996, að fjárhæð 37.350 krónur, þar með talinn virðisaukaskattur,

auk dráttarvaxta frá 15 dögum eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Þá krefst varnaraðili þess, að sér verði úrskurðaður málskostnaður að viðbættum virðisaukaskatti úr hendi sóknaraðila að mati dómsins.

Ekki reyndist grundvöllur fyrir sáttum í málinu.

II.

Málavextir.

Með dómi Héraðsdóms Vesturlands frá 6. desember 1995 var varnaraðili dæmdur til að greiða Lárusi Sigmundssyni 699.640 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 7. maí 1993 til greiðsludags, allt að frádregnum 447.640 krónum, og 75.000 krónur í málskostnað.

Með aðfararbeiðni, dagsettri 14. mars 1996, krafðist sóknaraðili þess f. h. gerðarbeiðanda, Sigmundar Lárussonar, að aðför færi fram hjá gerðarþola, varnaraðila máls þessa, til tryggingar 195.554,96 krónum. Um aðfararheimild vísaði gerðarbeiðandi til fyrrgreinds dóms, en hann hefði fengið helming dómkröfunnar framselda frá dómhafa 5. febrúar 1996.

Varnaraðili fékk 21. mars 1996 framselda hluta réttarsáttar, sem gerð var á bæjarþingi Reykjavíkur 27. júní 1991 í bæjarþingsmálinu Húsasmiðjan hf. gegn Lárusi Sigmundssyni. Samkvæmt sáttinni lofar Lárus að greiða Húsasmiðjunni hf. 6.183.915 krónur og málskostnað, 500.000 kr., 1. ágúst 1991. Smári Hilmarsson héraðsdómslögmaður framseldi Karli Guðmundssyni 500.000 krónur af umræddri kröfu auk vaxta frá 10. mars 1991 6. febrúar 1996, en Karl framseldi varnaraðila máls þessa þann hluta kröfunnar 21. mars 1996. Við fyrirtekt aðfararbeiðninnar hjá sýslumanninum á Akranesi 17. apríl 1996 var staddur Tryggvi Bjarnason hdl. f. h. varnaraðila og lýsti yfir skuldajöfnuði samkvæmt þessari kröfu sinni, og kvað lögmaðurinn varnaraðila máls þessa ekki kannast við að standa í skuld við gerðarbeiðanda, Sigmund Lárusson. Af hálfu gerðarbeiðanda sótti þing Jón Haukur Hauksson hdl.

Eins og áður greinir, var umrædd aðfarargerð fyrst tekin fyrir 17. apríl 1996 hjá sýslumanninum á Akranesi, en var þá frestað að beiðni umboðsmanns gerðarbeiðanda. Málið var næst tekið fyrir hjá sýslumanni 2. maí 1996, og sótti þá þing af hálfu gerðarbeiðanda Jón Egilsson hdl., sóknaraðili máls þessa, og var málinu þá aftur frestað að beiðni umboðsmanns gerðarbeiðanda. Málið var loks tekið fyrir 15. maí 1996 og þá m. a. bókað: „Umboðsmaður gerðarbeiðanda gerir kröfu um, að fjárnám fari fram. Umboðsmaður gerðarþola mótmælir því, að gerðin fari fram. Fyrir liggi fullgilt framsal á kröfu Húsasmiðjunnar á hendur Lárusi Sigmundssyni, sem sé dómhafi samkvæmt aðfararheimildinni. Lýst hafi verið yfir skuldajöfnuði,

og teljist það fullnægjandi greiðsla, enda ósannað, að krafa Húsasmiðjunnar sé greidd. Fulltrúi sýslumanns ákveður, að gerðin fari fram, gegn mót-mælum umboðsmanns gerðarþola.“ Að ábendingu lögmanns gerðarbeiðanda var gert fjárnám í eignarhluta varnaraðila í fasteigninni að Brekkubraut 21, Akranesi.

Varnaraðili bar fyrrgreinda aðfarargerð undir Héraðsdóm Vesturlands, og með úrskurði dómsins frá 24. júlí 1996 var aðfarargerðin felld úr gildi, þar sem skjalið, sem vísað var til um framsal á umræddri dómkröfu, bæri það ekki með sér, að um framsal á dómkröfunni væri að ræða, heldur væri um að ræða umboð til handa Sigmundi Lárussyni frá Lárusi Sigmundssyni til að taka við fjármunum frá sóknaraðila máls þessa. Samkvæmt því bar aðfararheimildin ekki með sér, að Sigmundur Lárusson væri réttthafi hennar. Skuldajafnaðarkrafa varnaraðila máls þessa kom því ekki til umfjöllunar í því máli.

Með yfirlýsingu 14. maí 1996 ítrekaði Lárus Sigmundsson, að hann hefði framselt dómkröfuna samkvæmt dóminum frá 6. desember 1995 sóknaraðila máls þessa og syni sínum, Sigmundi, til helminga. Með bréfi, dagsettu 2. júní 1997, framseldi Sigmundur sóknaraðila máls þessa sinn hluta dómkröfunnar, og byggist aðfararbeiðni sóknaraðila í máli þessu á því framsali.

Rétt þykir til skýringar á málavöxtum að gera einnig grein fyrir afdrifum hins helmings dómkröfunnar samkvæmt dóminum frá 6. desember 1995. Með aðfararbeiðni, dagsettri 14. mars 1996, krafðist gerðarbeiðandi, sóknaraðili máls þessa, að aðför færi fram hjá varnaraðila máls þessa, og vísaði um aðfararheimild til fyrrgreinds dóms. Sóknaraðili kvaðst hafa fengið helming dómkröfunnar framselda frá dómhafa 28. september 1995. Yfirlýsingin, sem sóknaraðili reisti framsalið og þar með aðfararheimild sína á, var handskrifuð aftan á öftustu síðu endurrits úrskurðar Héraðsdóms Vesturlands frá 11. september 1995 í málinu Lárus Sigmundsson gegn Gauta Halldórssyni.

Eins og fyrr greinir, fékk varnaraðili framselda kröfu frá Karli Guðmundssyni 21. mars 1996, og við fyrirtekt aðfararbeiðninnar hjá sýslumanninum á Akranesi 17. apríl 1996 kannaðist varnaraðili ekki við að standa í skuld við sóknaraðila máls þessa og lýsti auk þess yfir skuldajöfnuði með sama hætti og varðandi þá kröfu, sem er til umfjöllunar í máli þessu og fyrr er lýst. Þrátt fyrir mótmæli varnaraðila náði gerðin fram að ganga, og var fjárnám gert í fasteign varnaraðila að Brekkubraut 21 á Akranesi. Varnaraðili bar fjárnámsgerðina undir héraðsdóm, og með úrskurði Héraðsdóms Vesturlands 24. júlí 1996 var fjárnámsgerðin felld úr gildi. Niðurstaða héraðsdóms var studd því, að ekki yrði með óyggjandi hætti ráðið, hver þýðing

skjalsins, sem sóknaraðili reisti framsalið á, væri að lögum. Var litið svo á, að um væri að ræða samning um innheimtu milli Lárusar Sigmundssonar og sóknaraðila, þar sem Lárusi hefði ekki verið á þeim tíma fært að framselja kröfu, sem hann fékk dæmda síðar, þannig að sóknaraðili yrði rétthafi aðfararheimildar. Auk þess bar skjalið ekki með sér, að um framsal kröfu væri að ræða. Krafan um skuldajöfnuð kom ekki til umfjöllunar í málinu.

Með bréfi 14. maí 1996 lýsti Lárus Sigmundsson því, að hann hefði gert samning við sóknaraðila um innheimtu verkkröfu á hendur varnaraðila, þannig, að sóknaraðili fengi sem hluta af launum sínum helming af dæmdum höfuðstól samkvæmt dóminum frá 6. desember 1995, helming dæmdra dráttarvaxta svo og dæmdan málskostnað. Lýsir Lárus því, að sóknaraðili eigi helming dómkröfunnar.

Með áritun í Héraðsdómi Vesturlands frá 21. október 1996 var heimiluð aðför hjá gerðarþola, varnaraðila máls þessa, að kröfu gerðarbeiðanda, Lögmansstofu Jóns Egilssonar, til fullnustu kröfu, að fjárhæð 215.462,72 kr. Aðfararheimild var framseld dómkrafa samkvæmt dóminum frá 6. desember 1995. Beiðnin var tekin fyrir hjá sýslumanninum á Akranesi 14. janúar 1997 og fjárnám gert fyrir kröfum gerðarbeiðanda í eignarhluta varnaraðila í fasteigninni Brekkubraut 21 á Akranesi. Gerðarþoli, varnaraðili máls þessa, bar aðfarargerðina undir héraðsdóm 3. febrúar 1997. Með úrskurði Héraðsdóms Vesturlands frá 9. maí 1997 var fjárnámsgerðin ógilt. Er á því byggt, að við fyrirtekt aðfarargerðar hjá sýslumanninum á Akranesi 17. apríl 1996 hafi varnaraðili lýst yfir skuldajöfnuði samkvæmt framseldri réttarsátt kröfu á hendur Lárusi Sigmundssyni. Þar sem ekki hefði verið talið, að dómur, sem var grundvöllur fjárnáms sóknaraðila í máli þessu, hefði verið framseldur fyrr en með yfirlýsingu 14. maí 1996, og þar sem umrædd réttarsátt fullnægði öllum almennum og sérstökum skilyrðum til þess að vera hæf til þess að skuldajafna við dómkröfu, var fallist á skuldajöfnuð.

III.

Málsástæður aðila.

Sóknaraðili kveður kröfu um aðför styðjast við dóminn frá 6. desember 1996. Aðfararbeiðni hefði verið send 14. mars 1996 og varnaraðili þá fengið tilkynningu um framsal dómhafa á helmingi dómkröfunnar til Sigmundar Lárussonar. Þá hafi framsalið verið ítrekað síðar. Hinn 2. júní 1997 hafi Sigmundur framselt sóknaraðila kröfuna og varnaraðila verið tilkynnt um framsalið.

Sóknaraðili kveður varnaraðila hafa lofað greiðslu, eftir að dómurinn féll

í desember 1995, og hafi fullnustugerðum verið frestað vegna þess fram í mars 1996. Sé varnaraðili bundinn af þessu loforði um greiðslu.

Sóknaraðili kveður framsal Húsasmiðjunnar hf. á hluta réttarsáttarinnar til Karls Guðmundssonar hafa verið skilyrt og persónubundið. Hafi Karl brotið gegn skilyrðunum með framsalinu til varnaraðila, og því sé framsalið ógilt. Þá hafi framsalið til varnaraðila greinilega verið málamyndaframsal. Hinn 30. maí 1997 hafi Húsasmiðjan hf. loks ógilt framsalið. Krafa Húsasmiðjunnar hf. á hendur Lárusi Sigmundssyni hafi aldrei getað verið eign varnaraðila.

Loks kveður sóknaraðili yfirlýsingu um skuldajöfnuð aldrei hafa verið beint til upphaflegs dómhafa, Lárusar Sigmundssonar, en það sé skilyrði þess, að unnt sé að fallast á skuldajöfnuð. Er varnaraðili hafi lýst yfir skuldajöfnuði við fyrirtækt aðfarargerðar hjá sýslumanninum á Akranesi, eins og fyrr greinir, hafi sóknaraðili verið þar vegna Sigmundar Lárussonar, en ekki Lárusar Sigmundssonar.

Sóknaraðili styður heimild sína til að krefjast aðfarar hjá varnaraðila við 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga nr. 90/1989.

Varnaraðili reisir kröfu sína á því, að Sigmundur Lárusson hafi aldrei fengið framselda kröfu frá Lárusi Sigmundssyni og því geti Sigmundur ekki framselt sóknaraðila sömu kröfu. Er Lárus hafi ítrekað framsalið 14. maí 1996, hafi varnaraðili þegar verið búinn að lýsa yfir skuldajöfnuði, 17. apríl 1996. Sé sú yfirlýsing um skuldajöfnuð bindandi fyrir Lárus, sbr. úrskurð Héraðsdóms Vesturlands frá 9. maí 1997, og þar með hafi dómkrafan samkvæmt dóminum frá 6. desember 1995 fallið niður í heild sinni, enda fullnægi hin framselda réttarsátt varnaraðila öllum skilyrðum skuldajafnaðar, sbr. 40. gr. aðfararlaga, og um sé að ræða hærri fjárhæð en dómkröfu Lárusar á hendur varnaraðila.

Varnaraðili kveður framsal Karls Guðmundssonar á hluta réttarsáttar í máli Húsasmiðjunnar hf. og Lárusar Sigmundssonar til varnaraðila vera óskilyrt og fela í sér fullgilt og löglegt framsal kröfunnar á hendur Lárusi. Yfirlýsing Húsasmiðjunnar hf. frá 30. maí 1997 hafi ekkert gildi gagnvart varnaraðila, sem hafi verið grandlaus um hugsanleg brot á skilyrðum fyrra framsals, enda hafi varnaraðili ekki verið aðili að því framsali. Auk þess hafi fyrri framsal ekki borið með sér bann við frekari framsölum, heldur kveðið á um tilkynningarskyldu, sem ekki hafi verið á ábyrgð varnaraðila. Þegar Húsasmiðjunni hf. hafi orðið kunnugt um framsalið til varnaraðila, hafi forsvarsmenn fyrirtækisins veitt samþykki sitt fyrir því, að hin framselda krafa yrði notuð eins og gert var. Þar sé um að ræða eftirfarandi samþykki, sem ekki verði afturkallað seint og um síðir, þar sem lögfylgjur þess hafi þegar komið fram.

Um lagarök vísar varnaraðili til laga nr. 90/1989, einkum 2., 13. og 40. gr., og 13. kafla laganna. Þá vísar hann til almennra reglna kröfu- og samningaréttar um aðilaskipti og lok kröfuréttinda við skuldajöfnuð, eftirfarandi samþykki og umboð. Loks vísar varnaraðili til laga nr. 91/1991.

IV.

Niðurstaða.

Í máli þessu eru aðeins til umfjöllunar lögskipti aðila máls þessa, er lúta að helmingi dómkröfu samkvæmt dómi Héraðsdóms Vesturlands frá 6. desember 1995 í málinu Lárus Sigmundsson gegn Gauta Halldórssyni, varnaraðila máls þessa. Vísar sóknaraðili til þess, að Lárus hafi framselt helming dómkröfunnar Sigmundi Lárussyni, er hafi framselt sóknaraðila kröfuna.

Með úrskurði sínum frá 24. júlí 1996 komst dómurinn að þeirri niðurstöðu, að Sigmundur Lárusson hefði ekki verið rétthafi aðfararheimildar í mars 1996, er hann sendi sýslumanninum á Akranesi aðfararbeiðni. Lárus Sigmundsson framseldi síðan sannanlega helming dómkröfunnar Sigmundi Lárussyni með yfirlýsingu 14. maí 1996.

Eins og fyrr er lýst, reis einnig ágreiningur um hinn helming dómkröfunnar samkvæmt dóminum frá 6. desember 1995, og með úrskurði dómsins frá 9. maí sl. var komist að þeirri niðurstöðu, að varnaraðili hefði í apríl 1996 lýst yfir skuldajöfnuði samkvæmt framseldri réttarsátt kröfu á hendur Lárusi Sigmundssyni. Í úrskurðinum segir orðrätt: „Með vísan til þess, að ekki hefur verið talið, að dómur, sem er grundvöllur fjárnáms varnaraðila, hafi verið framseldur varnaraðila fyrr en með yfirlýsingu 14. maí 1996, og þar sem fyrrgreind réttarsátt fullnægir öllum almennum og sérstökum skilyrðum til þess að vera hæf til þess að skuldajafna við dómkröfu, ber að fallast á skuldajöfnuð sóknaraðila (innskot: varnaraðila máls þessa).“

Dómurinn komst því að þeirri niðurstöðu í maí sl., að varnaraðili hefði lýst yfir skuldajöfnuði við kröfu Lárusar Sigmundssonar samkvæmt dóminum frá 6. desember 1995 með lögmætum hætti í apríl 1996. Ekkert er fram komið í máli þessu, sem breytt getur þessari afstöðu dómsins. Með vísan til þess nær aðför ekki fram að ganga.

Með vísan til allra atvika málsins þykir þó rétt, að aðilar beri hvor sinn kostnað af máli þessu.

Ingi Tryggvason, settur héraðsdómari, kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Aðför nær ekki fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.